



SKÝRINGAR

- Lóða/Skipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Fyrirhugað hús
- Aðkomuvegur
- Bílastæði
- Rotþró



Úr ASK Skeiða- og Gnúpverjahr. 2004-2016
Ekki í kvarða



AFSTÖÐUMYND
Ekki í kvarða

SKILMÁLAR

Innan marka deiliskipulagsins er heimilt að byggja frístundahús allt að 160m² að stærð á einni eða tveimur hæðum. Einnig minna hús allt að 40m² að stærð. Leyfilegt heildar byggingarmagn lóðarinnar er 200m² sem samsvarar nýtingarhlutfalli upp á 0.02. Fyrirhuguð staðsetning frístundahúss er sýnd til skýringar á upprætti. Mænishæð skal ekki yfirstíga 8.0m frá óhreyfðu landi, mænisstefna, þakhalli, form og gerð húsa eru gefin frjáls. Landið skal vera afgirt.

VEITUR: Kalt vatn kemur frá Vatnsveitu Hrunamannahrepps. Tenging við rafmagn er við veitukerfi Rarik/Landsnet. Frárennsli skal leitt í rotþró og gengið frá því samkvæmt samþykkt um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og reglugerð um fráveitur nr 798/1999. Fyrirhuguð staðsetning er sýnd á upprætti.

ÞJÓNUSTA: Þjónusta slökkviliðs er frá Brunavörnum Árnassýslu. Tæming rotþróa er á vegum sveitarfélags. Sorpi verður fargað á gámasvæðum sveitarfélagsins.

FORNMINJAR: Ekki er vitað um neinar þekktar fornminjar innan skipulagssvæðisins. Ekki er heimilt að hrófla við minjum sem kunna að koma fram nema í samráði við minjavörð Suðurlands.

UMSAGNARADILAR:

xxx

GREINARGERÐ

Deiliskipulag þetta tekur til lóðarinnar Skógarskard úr landi Skarðs 1 (landnr. 174781) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lóðin er 1 hektari að stærð og er staðsett um 500m austan bæjartorfunnar í Skarði. Um 70m norðar er frístundalóðin Stekkur. Aðkoma að lóðinni er af Skeiða- og Hrunamannavegi nr. 30, heimreiðinni að Skarði nr. 3312, 3309, um uppbyggðan línuveg og svo austur eftir Skógarflöt undir Dagmálaás.

Á lóðinni hefur verið unnið að gróðursetningu trjáa um árabíl. Um skarðið rennur lækjarsytra sem er afrennsli tjarna og mýrlendis suður af skarðinu. Austan lækjar og neðst í skarðinu er grösugur valllendismói en vestan við eru mosagrónar og grýttar hlíðar klapparássins. Skarðinu hallar frá suðri til norðurs og er byggingareit valinn staður nyrst þar sem landhalli er lítill.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins (2004-2016) er landið sem lóðin tilheyrir skilgreint sem land undir frístundabygð og er auðkennt F40 á aðalskipulagsupprætti.


Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

TILLAGA

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Unnið ofan á hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf og hæðalínugrunn frá Landmælingum Íslands.

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR
SKÓGARSKARÐ - DEILISKIPULAG



Mælikvarði 1:1000 á A3

12. 04. 2018

SIGURÐUR U. SIGURÐSSON